



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi, Reykjavík

2. maí 2015

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2015.

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður FSÍ lagði fram tillögu um Þóri Haraldsson sem þingforseta og Evu Hrund Gunnarsdóttur sem þingritara.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma. Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt. Forseti vonar að þingið verði starfsamt. Lagabreytingatillögur hafa verið dregnar tilbaka þar sem þær bárust ekki með tilskyldum fyrirvara. Gera þingforseta viðvart ef einhver ætlar að boða sig fram til stjórnar FSÍ.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Ragnheiður Thorlacius, Halla Karí Hjaltsted og Þröstur Hrafnsson. Þau fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

Dagskrá breytt, byrjum á skýrslu formanns og reikningum.



3 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

3.1 Skýrsla stjórnar

Arnar Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Sjá framlagða ársskýrslu FSÍ.

Auk Arnars sátu í stjórn Einar Ólafsson varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Kristinn Arason meðstjórnandi. Eva Hrunn Gunnarsdóttir var ráðinn framkvæmdastjóri og tók hún til starfa sumarið 2014, en Þorgerður Laufey Diðriksdóttir hafði sinnt því starfi frá því að Helgi Jóhannesson hætti í febrúar 2014. Sem fyrr starfaði Sólveig Jónsdóttir sem sviðstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir sem sviðstjóri fræðslu- og mótamála á skrifstofu sambandsins.

Stjórn FSÍ hefur fundað á tveggja vikna fresti á starfstímabilinu. En auk hefðbundinna stjórnarfunda hefur stjórn haldið samráðsfund þjálfara, tvo formannafundi og ýmsa kynningarfundu.

Á árinu tók FSÍ í notkun einkunnakerfi sem notað var á nánast öllum mótum sambandsins, það gekk mjög vel og er það framfaraskref að hafa einkunnir rafrænt í rauntíma. Stefnan er að halda áfram að vinna að því að kerfisvæða sambandið.

Tveir fulltrúar FSÍ sitja í nefndum hjá UEG, en Hlíf Þorgeirsdóttir situr í nefnd um Fimleika fyrir alla og Sólveig Jónsdóttir í tækninefnd í hópfimleikum.

FSÍ er með nokkra trausta samstarfsaðila, samningur hefur verið gerður við RÚV sem gildir út 2016 og með því er verið að auka sýnileika fimleika í sjónvarpi. WOW air og Subway eru einnig nýir samstarfsaðilar sambandsins.

FSÍ hélt Evrópumót í hópfimleikum 2014. Um 500 sjálfbodaliðar sinntu 1200 stöðugildum á mótinu, áhorfendur fylltu höllina og er mótið rós í hnappagat fimleikahreyfingarinnar. Íslenskt fimleikafólk sýndi hversu kraftmikil hreyfingin er þegar að allir standa saman og vinna að sameiginlegu markmiði.

Jón Finnbogason var kosinn varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ á árinu, FSÍ fagnar því. Mikilvægt er að fimleikahreyfingin eigi sinn málsvara á sem flestum stöðum.

Fimleikahreyfingin þarf að vinna enn meira saman til þess að ná enn meiri árangri. Mikill vöxtur er í hreyfingunni að öllu leiti. Þrír starfsmenn eru í jafn mörgum stöðugildum á skrifstofunnar og ná þeir varla að anna þeim verkefnum sem inn á borð koma. Mikilvægt er að sambandið sé með ákveðið aðhald svo við missum ekki tökin á vextinum og gera breytingar sem nauðsynlegt er að gera samfara þessum vexti. Fyrir ekki svo löngu síðan voru 3.000 iðkendur í fimleikum, nú eru þeir orðnir 12.000.



3.2 Fræðslunefnd

Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar. Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Auður Ólafsdóttir, Auður Vala og Sesselja Jarvela.

Hlín fór yfir það helsta í starfi fræðslunefndar. Fræðsludagskráin byrjaði í ágúst, alls voru 16 atburðir frá ágúst til febrúar. Mæting á námskeiðum var góð, en 454 mætingar voru á viðburðina og 32 kennarar sem kenndu. Fræðslunefndin kom til móts við stækkun hreyfingarinnar og bætti við nýjum námskeiðum til að höfða til breiðari hóps þjálfara sem og dýpka þekkingu þeirra sem eru að mennta sig hjá FSÍ.

3.3 Nefnd um fimleika fyrir alla

Hlíf Þorgeirsdóttir formaður gerði grein fyrir störfum nefndar um fimleika fyrir alla. Aðrir nefndarmenn: Guðrún Tryggvadóttir, Sæunn Viggósdóttir, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eyþórsdóttir og Helga Bára Bartels Jónsdóttir.

FFA hefur frá síðasta fimleikaþingi fengist við ýmis verkefni, en það stærsta var Eurogym sem haldið var í Helsingborg í Svíþjóð í júlí 2014. En þangað mættu rúmlega 400 þátttakendur frá Íslandi og stóðu sig alveg rosalega vel.

Gymnaestrada verður haldin nú í sumar í Helsinki, ekki náðist að fá þátttakendur frá Íslandi að þessu sinni og hvetur nefndin fundargesti til að aðstoða við að finna hópa fyrir næstu Gymnaeströdu.

Hlíf vill minna félögin á að nefndin er alltaf boðin og búin til að aðstoða félögin við að byggja upp fimleika fyrir alla og hvetur þau til að hafa samband.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

3.4 Tækninefnd í hópfimleikum

Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum flutti skýrslu nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Hrafnhildur María Gunnarsdóttir, Karen Jóhannsdóttir, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir og Íris Mist Magnúsdóttir.

Í fyrra var deildarkeppni í hópfimleikum haldin í fyrsta skipti og gekk það mjög vel. Hægt er að skipta upp í 3 deildir í neðri þrepum og 2. og 3. flokki er hægt að skipta í 2 deildir. Í 1. flokki og meistaraflokki er bara ein deild en til þess að fjölga keppendum í meistaraflokki var ákveðið að leyfa félögum sjálfum að velja hvort liðið þeirra keppir í A eða B deild. Með því er verið að reyna að halda keppendum lengur í íþróttinni og kepptu 4 lið í B deildinni í ár.

Haldin voru sex innlend mót á árinu og er eitt mót eftir, vormótið. Mótahaldið gekk mjög vel.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Dómaranámskeið var haldið á árinu í kjölfar breytinga á reglum. Þónokkur fjölgun var við það á dómurum og fögnum við því.

Í vetur var gerð tilraun með keppnisnúmer í hóp fimleikum, þau eru notuð á sjónvarpsmótum í meistaraflokki til að auðvelda fólki heima í stofu að fylgjast betur með og vita hver er hvað. Þetta reyndist vel og vonandi verður þessi háttur á í framtíðinni.

THF var ánægð með framkvæmd EM á Íslandi en nefndin mannaði sjálfbóðaliða á mótinu.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

3.5 Tækninefnd kvenna

Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna flutti skýrslu fyrir hönd nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn: Hlín Bjarnadóttir, Hildur Ketilsdóttir, Sif Pálsdóttir og Halla Karí Hjaltsted. Halla lét af stöfum á miðju tímabili vegna anna og Ragna Þyrí Ragnarsdóttir tók hennar sæti í nefndinni.

Berglind veltir upp nokkrum spurningum, hvornig við getum bætt okkur, hvornig við getum náð til barnanna betur, hvornig við getum eflt okkur á öllum vígstöðum. Það eru ekki margir krakkar sem ná á pall, það þarf að viðurkenna þá líka.

Mótin í heild sinni eru mjög góð. En ef við miðum við þann staðal sem við höfum sett okkur fyrir einhverjum tíma síðan, þá erum við ekki að bæta okkur. Finnst okkur gaman á fimleikamótum? Berglind biður fundargesti um að íhuga þetta.

Vinnuhópurinn sem hefur staðið á bak við verkefnið Tokyo2020 hefur sig mjög vel. Mikil vinna sem lögð hefur verið í það verkefni.

Tækninefndir koma ekki að landsliðsmálum, þarf að endurskoða það?

Smáþjóðleikar eru eftir mánuð, búin er að fara fram mikil vinna í kringum þá. Hlín Bjarnadóttir hefur lagt mikla vinnu í undirbúning fimleikahluta leikanna og svo erum við með NM á næsta ári á Íslandi. Þegar við höldum svona stór verkefni, ætti þá að setja fulltrúa eða starfskraft í þessi verkefni þegar það er mikið að gera? Vert er að íhuga og ræða það. Það er ekki endalaust hægt að setja fólk í sjálfbóðaliðavinnu, fólk stendur ekki í því.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

3.6 Tækninefnd karla

Formaður tækninefndar karla er Sigurður Hrafn Pétursson. Aðrir nefndarmenn eru Anton Þórólfsson, Björn Magnús Tómasson, Axel Bragason og Axel Ólafur Þórhannesson.

Axel Ólafur Þórhannesson kynnir skýrslu nefndarinnar. Anton tók við sem formaður eftir að Sigurður fór í fæðingaorlof.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Nefndin skilgreindi dómara sína upp á nýtt og samræmdi við dómara tækninefndar kvenna.

Nefndin var með dómaranámskeið á árinu og kennir Axel Bragason E dómgæslu og Anton D dómgæslu, Fimleikastigann sá Sigurður um. En sjö alþjóðlegir dómarar eru nú í áhaldafimleikum karla, það er því góð þekking í hreyfingunni.

Hefur gengið vel að manna dómaragildin þrátt fyrir að skráning hafi skilað sér seint frá félögunum.

Skilar kveðju frá nefndinni og þakkar fyrir.

4 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 12 fimleikadeilum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 29 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf.

Ragnheiður Thorlacius tók til máls og tjáði Fimleikabingi að það bárust kjörbréf frá 13 félögum, 20 félög hafa ekki sent inn kjörbréf. Samtals 92 af 127 fulltrúum.

- 12 fulltrúar frá Ármanni af 12.
- 3 fulltrúar frá Gróttu af 9.
- 6 fulltrúar frá Akureyri af 10.
- 17 fulltrúar frá Gerplu af 22.
- 1 fulltrúi frá Hetti af 5
- 1 fulltrúi frá Glóð af 2
- 5 frá Fjölni af 8
- 8 frá Selfossi af 9
- 5 frá Keflavík af 9
- 5 frá Fylki af 10
- Enginn mættur frá Akranesi af 6
- 8 frá Björk af 14
- 9 frá Stjörnunni af 10

Kjörbréf afgreidd. Þingfulltrúar verða að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði. Kjörbréf samþykkt samhljóða.



5 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

5.1 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins

Ársreikningur á heimasíðu. Hann verður til umfjöllunar ásamt fjárhagsáætlun í fjárhag nefnd. 119 milljónir í tekjur fyrir utan EM, rekstur sambandsins, ekki EM mótahaldið sem slíkt.

Tekjurnar voru 20 milljónum undir áætlun og kemur það til vegna þess að áætlaðar voru meiri tekjur af Eurogym. Sama gerist með gjöldin. Erfitt að áætla þar sem um gegnumstreymi er að ræða.

Tap upp á 100.000 kr. Vert að skoða að það er tap af reglulegri starfsemi, annað árið í röð sem er tap. Það sem heldur okkur nánast í núllinu er hagnaður af Norðurlandamóti Unglinga sem haldið var síðasta vor.

Rúmlega 13 milljóna króna hagnaður af EM, ekki tilbúinn ársreikningur, en það er komin ákveðin mynd á hann, verður lagður fyrir fjárhagsnefnd.

Erum með Norðurlandamót í hóp fimleikum núna í haust og við áætluðum að það verði um 4 milljónir króna hagnaður af því móti. Við þurfum að huga að því hvernig við eigum að láta rekstur ganga upp af reglulegri starfsemi.

Þá er búið að leggja fram endurskoðaða reikninga sambandsins.

Umræður

Ingvar tekur til máls. Hann þakkar stjórninni fyrir frábært starf að liðnu ári. Stjórnin ekki öfundsverð af því umhverfi sem henni var skapað. Miklar sviptingar í stjórn og á skrifstofu, ekki gott og við verðum að tryggja starfsfólkinu sem er að vinna þetta fyrir okkur meira jafnvægi í starfi. Það er slæmt að það þurfti að draga lagabreytingarnar til baka, hér hefði stjórn mátt undirbúa þingið betur en raun ber vitni og fylgja þeim reglum sem til eru um hvernig halda eigi þing.

Eru á góðri leið með að gera enn betur í öllum eignum. Ársreikningana fengum við fyrst að sjá í gær, þeir eiga að birtast með 2 vikna fyrirvara. Reksturinn allt í lagi, 100.000 kr. tap er ekki stórkostlegt miðað við 2,5 milljóna tap í fyrra. Handbært fé hefur lækkað um 7,7 milljónir, viðskiptakröfur, þeir sem skulda FSÍ eru að bæta í. Almennar viðskiptakröfur hækka úr 7,7 milljónum í 11. Umtalsverðir peningar sem við erum að lána einhverjum aðilum út í bæ. Við höfum gengið á sjóði sambandsins með því að borga þessa hluti. Afrekssjóðurinn hefur hækkað. Skuldir eru að hækka úr 5,4 í 9,7 milljónir. Það hlýtur að hrikta vel í sjóðum sambandsins, nema eitthvað af þessu hafi verið innheimt. Hér er verk að vinna og það þarf að taka til hendinni ef ekki á að fara illa með sjóði sambandsins.

Munu þessar 16 milljónir innheimtast?



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Enn er útistandandi af EM tekjunum og ennþá eitthvað ógreitt. Þurfum að finna út úr því hvernig hagnaðurinn verður færður yfir.

Hann er ánægður með skýrslu fræðslunefndar. En okkur vantar þjálfara, mikill skortur á þeim. Það er gaman að sjá hversu virk fræðslunefndin er, en við þurfum samt að gera betur. Getur ekki komið hér upp án þess að ræða um dómara í áhaldafimleikum karla. Mjög dapurt að við eigum fullt að flottum og hæfum dómurum, en af hverju eru þeir ekki að dæma fyrir okkur? Þessum aðilum er svo verðlaunað með því að fara á alþjóðleg mót.

Þóra Þórarinsdóttir tók til máls. Þakkar fyrir góðan fund og góð erindi. Skoðar fyrst það sem að henni sjálfri kemur. Vantaði í útsend gögn nafn aðila sem starfaði í EM nefndinni. Leiðinlegra var þegar helstu afrek eru talin upp að það vantar að geta þess að blandað lið Selfoss junior-a vann til brons á NM unglunga. Það á auðviað líka að vera undir helstu afrek ársins. Búið er að tala um að rekstur gangi ekki upp af reglulegri starfsemi. Það sama gildir um félögin, þau verða að beita ýmsum öðrum brögðum til að láta reksturinn ganga upp. Fimleikamótin sem félögin hafa verið að halda, vissulega lyfta rekstrinum upp. Verðum líka að muna að þegar við sjáum hagnað af mótum að þessi hagnaður kemur fyrst og fremst vegna ómælds sjálfbóðaliðastarfs og það er eitthvað sem við þurfum að halda mjög vel utan um til þess að hafa þessi mál í lagi. Þurfum ekki að drífa þennan dag af, tökum okkur tíma. Slítum þingið þegar við erum búnin að ræða saman. Þakkar fyrir orðið.

Orðið laust.

Eva Hrund Gunnarsdóttir staðfestir að raun kröfur á fyrirtæki munu innheimtast og það gengur vel í þeim efnum. Hinsvegar þarf væntanlega að afskrifa eitthvað af öðrum skuldunautum.

Skoðunarmenn lýstu áhyggjum af útistandandi skuldum. Þeir skoðuðu reikninga og lögðu til að útbúa þurfi afskriftarreikning. Tillaga frá þeim um að unnið verði í þessum efnum.

6 Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

6.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Reikningar bornir undir atkvæði, reikningarnir samþykkir samhljóða.

Þingforseti leggur til að þingtillögum verði vísað í starfsnefndir og þær teknar til efnislegrar meðferðar þar.

Fundargerð fyrra árs skoðast samþykkt.



7 Ávörp gesta

7.1 Ávörp gesta

Sigríður Jónsdóttir, í framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur til máls. Formaður þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ og hefur haft fræðslumál á sinni könnu frá því að hún kom inn í stjórnina. Þekking og fræðsla er undirstaða fyrir allar framfarir. Ánægð þegar hún heyrði með samninginn við RÚV og ánægð með störf fræðslunefndar.

Okkar íþrótt einstaklega fjölmiðlavæn. Hefur fylgst með þeim framförum sem hafa orðið í fimleikum og aukningu í hreyfingunni.

Situr í íþróttnefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ. Tökum þúls á starfinu, þakkar fyrir að fá að hlusta á skýrslu stjórnar og nefndanna. Gott er að fá innsýn í það sem er að gerast í grasrótinni.

Hún óskar hreyfingunni til hamingju með glæsilegt starf, var áhorfandi á EM. Hefur fylgst með uppbyggingu á landsbyggðinni, þar sem fimleikar eru settir á laggirnar þá er það þannig að áður en fólk getur snúið sér við eru tímarnir yfirfullir og komnir biðlistar. Á góðum sumardegjum eru stelpur og strákar á handahlaupum, þau eru ekkert endilega í fimleikum. Fimleikar sem slíkir góð undirstaða fyrir flestar aðrar íþróttir. Horfum á til dæmis Þórey Eddu.

Þakkar stjórn, gaman að sjá skýrsluna og reikningana. Vel rekið samband, þó það sé smá tap, þá er það ekki eitthvað sem þarf að hafa áhyggjur af.

Það fer aldrei flugvél frá Íslandi án þess að það sé einhver íþróttatengdur í þeirri vél, þarf ekki að vera margir en við sendum t.d. 400 manns á okkar vegum bara á Eurogym.

Ný afstaðið þing ÍSÍ, þar kom fimleikamaður inn í varastjórn hann Jón Finnbogason, væntum mikils af honum. Langt síðan það hefur verið maður úr fimleikum í stjórn. Hann mun fljótt læra að hann er að vinna fyrir alla íþróttahreyfinguna. Við komum öll einhvers staðar frá, gaman að hafa fólk frá hinum ýmsu íþróttagreinum þannig að þekkingin verði meiri innann hreyfingarinnar. Þýður Jón innilega velkomin.

Húsið undirlagt undir undirbúning smáþjóðleika. Fimleikar er ein af þeim íþróttum sem þar verður. Mótshaldari getur valið og bætt við, það er þannig að þeir verða hér í Laugardalnum að mestu leyti og með því reynt að halda öllum samgöngum í lágmarki, svo þátttakendur geta gengið á mótsstaði.

Birna Björnsdóttir tekur til máls.

Verð að lýsa ánægju yfir Evrópumóti sem haldið var í haust. Var okkur til svo mikillar þrýði og fögnuðar í kringum allt. Fulltrúar UEG, höfðu það að orði að við litla Ísland höfum sett þetta mót á mun hærra plan heldur en áður hefur verið.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Framtíðin björt, landsliðin í áhaldafimleikum og hóp fimleikum standa sig vel. Fullt af ungum einstaklingum sem eru að koma til.

Eitt sem veldur henni áhyggjum. Hlíf sagði allt sem hún ætlaði að segja varðandi Gymnaströdu. Lítið sem hún getur sagt sem bætir við orð Hlíf. Allt frá 1968, löngu áður en hún varð til, voru sýningafimleikar FSÍ okkar aðalsmerki. Í dag eigum við ekki einu sinni hópa, ætlar ekki að gera lítið úr Eurogym, eigum ekki hópa til að sýna á alþjóðlegum vettvangi eins og hjá alþjóðasambandinu. Við erum flokkuð hjá FIG ekki sem þriðja flokks land, erum búin að sýna að við eigum fullt af frábæru fólki sem hefur tekið þátt í mörgum mótum, eigum miklu betri aðstöðu en þeir sem eru frá þriðja flokks löndunum, erum 12.000, en eigum ekki 20 manna hóp til að taka þátt í einni Gymnaströdu. Gymnastrada er stærsta fimleikahátíðin sem haldin er í heiminum og hún er bara haldin 4. hvert ár, þetta er ekki oft sem við þurfum að eiga hóp í þetta verkefni. Það koma fram um 25.000 sýnendur, það eru sýningar í heila viku frá morgni til kvölds og útvaldar sýningar á kvöldin. Við verðum, FSÍ og félögin að gera eitthvað í þessu. Verðum að sýna að við getum tekið þátt í þessu, eigum fullt af fólki!

Ætlar ekki bara að skammast. Ánægð með skýrsluna og hvernig virðist hafa farið með Evrópumótið og hvað fjölmiðlar hafa verið góðir. Þökk sé Facebook, þá er auðvelt að fylgjast með hvernig fimleikafólkinu okkar gengur.

Þórir tók til máls, ánægður með áskorunina frá henni. Nútímataekni góð til síns brúks, en oft gallar þar. Það er ágætt að finna þetta á eigin skinni.

8 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.

8.1 formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Ragnheiður Thorlacius gerði grein fyrir störfum **kjörbréfanefndar** eftir að hafa yfirfarið og staðfest þau kjörbréf sem lágu fyrir. Kjörbréf voru frá 12 héraðs- og íþróttabandalögum, og voru 94 af 126 mögulegum þingfulltrúum mættir og löglegir fulltrúar á þinginu. Ef kemur til kosninga verður fulltrúum hvers fimleikafélags/deildar afhentir atkvæðaseðlar og farið yfir mætingu.

9 Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.

9.1 Fundargerð síðasta þings

Fundargerð síðasta þings sem haldið var í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík 30.-31. maí 2014 var send formönnum félaga og liggur hér frammi. Fundargerð síðasta þings staðfest og samþykkt einróma.



10 Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

10.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

- | | | |
|------|------------------------------|----------------------------|
| • a) | Nefnd um fimleika fyrir alla | Hlíf Þorgeirsdóttir |
| • b) | Fræðslunefnd | Hlín Bjarnadóttir |
| • c) | Fjárhagsnefnd | Arnar Ólafsson |
| • e) | Allsherjarnefnd | Auður Inga Þorsteinsdóttir |
| • f) | Mótanefnd | Íris Svavarsdóttir |

Tillaga um formenn starfsnefnda þingsins samþykkt samhljóða.

11 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

11.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitum skoðunarmanna)

Arnar Ólafsson, formaður FSÍ, lagði fram reikninga sambandsins fyrir árið 2014 sem sjá má í ársskýrslunni.

12 Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun til næstu tveggja ára og vísar til fjárhagsnefndar.

Þingforseti leggur fram ónúmerað skjal sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til fjárhagsnefndar.

13 Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

Þingforseti leggur fram ónúmerað skjal sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til fjárhagsnefndar.

14 Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið ásamt almennum umræðum um þær.

Þeir sem samþykkja að taka tillögur til afgreiðslu á þinginu. Tillögur samþykktar samhljóða þrátt fyrir að þær voru ekki birtar með réttum fyrirvara.

Tillögur um að hvernig þingskjölum verður vísað verði inn i nefndir:



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Þingskj	1	Áskorun frá Íþróttafélaginu Gerplu	Allsherjarnefnd
Þingskj	2	Tillaga frá FIMAK um breytingu á fyrirkomulagi varamanna og gestakeppenda á bikarmóti FSÍ í áhaldafimleikum	Mótanefnd
Þingskj	3	Tillaga frá Fimak og Hetti um að stofnuð verði undirnefnd THF sem myndi standa fyrir stökkfimi.	Mótanefnd
Þingskj	4	Tillaga FIMAK um birtingu á skipulagi móti.	Allsherjarnefnd
Þingskj	5	Tillaga frá Fimak um fækkun dómara í lægri þrepum og í yngri flokkum hópfimleika	Mótanefnd-Fjárhagsnefnd
Þingskj	6	Tillaga frá Íþróttafélaginu Gerplu um áherslu á liðakeppni í áhaldafimleikum	Mótanefnd
Þingskj		Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 1. mgr. 6.gr. laga FSÍ - Dregið til baka þar sem tillagan var ekki send út með tilskyldum tveggja vikna frest	Laganefnd
Þingskj		Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 11. gr. laga FSÍ - Dregið til baka þar sem tillagan var ekki send út með tilskyldum tveggja vikna frest	Laganefnd
Þingskj	7	Tillaga frá stjórn FSÍ um keppendaskírteini FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	8	Tillaga frá stjórn FSÍ um þjálfaraskírteini FSÍ	Allsherjanefnd
Þingskj	9	Tillaga frá stjórn FSÍ um þjónustugjöld FSÍ	Fjárhagsnefnd

Í ljósi þess hversu fáar tillögur eru fram lagðar, leitumst við til að ljúka nefndarstörfum á ekki lengri tíma en klukkutíma og komum hingað aftur kl. 13:30 og hefjum þá afgreiðslu mála.

15 Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

15.1 tillögur um staðsetningu starfsnefnda



Fjárhagsnefnd	Salur A
Allsherjarnefnd	Salur C
Mótanefnd	Salur D
FFA	Salur E
Fræðslunefnd	Salur E

16 Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.

16.1 Formenn þingnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og atkvæði greidd um niðurstöður þeirra

17 Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum:

Fjárhagsnefnd

Seinni hlutinn vísar til þess að það komu upp spurningar varðandi 6-8 ára börn sem ekki fá þjónustu frá FSÍ. Farið fram á að rukkað verði fyrir þá sem fá raunverulega þjónustu.

Tillagan tekin til umræðu. Ingvar spyr hvaðan staðfestar iðkendatölur koma, svar: Felix. Tillagan samþykkt samhljóða.

a) starfsáætlun til tveggja ára:

Satrfsaætlun lögð fram óbreytt:

Samþykkt samhljóða.

b) fjárhagsáætlun til tveggja ára:

Fjárhagsáætlun næstu ára sem er lögð fram. Rætt um umræður í nefndinni.

Fjárhagsáætlun samþykkt.

c) Þingskjal 9 - tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda:

Upprunaleg tillaga breytt umtalsvert. Tillaga fjárhagsnefndar er því eftirfarandi:

Þing FSÍ samþykkir að þjónustugjöld fyrir árið 2015 miðist við síðustu staðfestu iðkendatölur og verði 130 kr. á mánuði, miðað við 9 mánuði á ári og verði eingöngu innheimt fyrir 6 ára og eldri. Stjórn FSÍ er falið að endurskoða þjónustugjöldin með hliðsjón af aldri iðkenda og upphæð og leggja fyrir næsta þing FSÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða.



d) almennar tillögur.

Fræðslunefnd og nefnd um Fimleika fyrir alla

Hlín Bjarnadóttir tók til máls fyrir hönd fræðslunefndar. Parkour hefur verið sett undir hatt fimleika fyrir alla, fremst í flokki UEG. Sindri kom með spurningar, alþjóðasambönd „The movement“ frumkvöðlar eru Frakkar, reyna að koma parkour inn í Olympíu og íþróttahreyfinguna, þetta tekur tíma. Þeir eru að reyna ná samtalinu við FSÍ til að fá hjálp til að komast inn í ÍSÍ. Hlíf með mikla innsýn, kynnst þessu í gegnum starf sitt í UEG. 11 lönd í þremur heimsálfum sem eru í þessu ferli, eða komin inn í sína hreyfingu. Höldum þessu á lofti og innleiðum parkour inn í okkar deild líkt og Svíar hafa gert vel. Parkour komst inn í fimleikana, hefur mikið af efni sem The movement er að gera á heimsvísu.

Mál númer 2, parkour er vissulega ný grein, þegar við fáum nýjar greinar inn með nýjan kúltúr þá hefur borið á umræðu sumstaðar, að það er ákveðin tónlist og neysla vímuefna sem hefur borið á sem hefur slæðst í nálægð við fimleikasali. Það þarf að taka hart á þessu. Í fræðslumálum er forvarnarstarfið og reglur um lög og slíkt mjög skýrt hvað þetta varðar. Það ber að taka á þessu strax, þurfum að vera vakandi fyrir þessum breytingum.

Kynntu kerfið, Andreu töflurnar úr okkar nefnd. Hvernig við skiptum námskeiðum upp, ætlum að vinna út frá því. Í umræðuna áðan kom fram þetta gamla góða að grasrótin og FSÍ þurfa að gera átak í að halda þjálfurum lengur við störf. Barneignir og vinnutími passar ekki lengur við þjálfunina, missum fullt af hæfileikaríku fólki úr fimleikunum. Laun þykja ekki sérstök, þú myndir gera meiri kröfu í dans eða ballet geiranum heldur en í fimleikum. Það gerist ekki í skrifstofu hér eða í litlum nefndum, þetta gerist í félögum að halda í fólk að gera starfið spennandi og skemmtilegt. Vinnutími, laun og réttindamál sem skipta máli. Aldur 16 plús með öðrum þjálfurum og 18 plús getur þú borið ábyrgð á hóp. Í Brasilíu og fleiri löndum þarftu háskólagráðu til að þjálf. Við viljum fá þennna almennilega skilning á æskilegum aldri. Viljum fara eftir lögbundum viðmiðum varðandi þetta. Erum við alltaf að leita að ódýru vinnuafli? Þeir sem eru eldri og með meiri reynslu og þekkingu eru ekki oft vinsælt vinnuafli.

Við erum með miklu meiri fjölda en 2002, 12.500 segjum við út á við, þetta þarf að vera almennilegt. Almenn að finna lausn innan íþróttahreyfingarinnar, þurfa svona margir að æfa 4 sinnum viku plús? Er ekki mjög stór hópur sem væri meira til í að vera 2-3 í viku og í sýningafimleikum. Þetta er ekki bara vandamál í fimleikum, heldur almennt í þjóðfélaginu innan íþróttahreyfingarinnar. Getum við sinnt öllum sem æfa 4-6 sinnum í viku, vilja allir æfa svona mikið eða getur þessi fjöldi sem við erum með æft svona mikið. Grasrótin þarf að taka á þessu.

Við teljum þessi hópur saman að það þurfi ákveðna hugarfarsbreytingu. Ef við viljum þennan fjölda, hvernig ætlum við að sinna þessu fólki á öllum aldri og getustigum? Þjónustan þarf að vera í lagi og pláss í sölunum. Við höfum fullt af möguleikum. Afskaplega fáir sem geta orðið afreksmenn. Þurfum að þjóna öllum sem vilja koma, fólk leitar annað um leið og það missir áhugann. Félögin þurfa að taka þetta til sín.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Hlín og Hlíf þakka fyrir sig.

Allsherjanefnd

Auður Inga Þorsteinsdóttir tók til máls. Fjöldmenn og skilvirk nefnd sem samanstóð af fólki úr mörgum félögum.

Þingskjal nr. 1 - áskorun frá Íþróttafélaginu Gerplu

Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt. Gæti verið gott mál að fá stöðu mála uppgefna á formannafundi á hverju ári því þetta gæti átt við fleiri mál ekki bara þetta.

Verkefnalisti frá stjórn og hvernig gengur að fylla út í boxin.

Þingskjal nr. 4 - tillaga frá Fimak vegna skipulags móta

Mikið rætt um skipulagið, hversu seint það kemur í mörgum tilfellum og almennt um skráningu á mót. Niðurstaðan er sú að það sé jafnrétti í boði á landsbyggðinni, Fimak kallar eftir því að farið sé eftir þeim reglum.

Nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt.

Þingskjal nr. 7 og 8 – fjallað um þau saman - keppendaskírteini og þjálfaraskírteini

Það kom fram á fundinum að þetta væri mjög misjafnt eftir sveitafélögum og íþróttafélögum. Sum sveitafélög tryggja sitt fólk en önnur ekki.

Áskorun til stjórnar um að skoða þetta betur. Kortleggja hvernig staðan er og hvað er í boði og leggja það svo fram.

Mikil umræða varðandi upphæðirnar. Það þyrfti að vera eftirlit á því hvað þjálfari hefur verið að gera, hvort það sé sérstakt skírteini og hvort greiða þurfi fyrir það. Mikil áhersla lögð á eftirlistshlutverk og hver á að vera með þetta hlutverk.

Rætt um að hægt er að skrá þjálfara í gegnum Felix. Þarna þyrfti þá líka að skrá þjálfara svo hægt sé að vera með eftirlit á þetta.

Í báðum tilfellum er þessu vísað til umræða milli þinga. Gæti vel verið að það sé misjafnlega leyst úr málunum eins og staðan er í dag.

Leggið ekki tillögurnar til afgreiðslu, heldur að þessu verði vísað til umræðu milli þinga og því vísað til laganevndar. Sú tillaga sem er til umræðu núna lögð fram. Gengið er til atkvæða. Tillagan samþykkt. Auður kemur henni skriflega til okkar.

Mótanefnd

Íris Svavarsdóttir tók til máls. Fjörugar umræður fór fram um nokkur mál.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Þingskjal 2 - breyting á fyrirkomulagi varamanna

Tillögunni var vísað frá. Óskað var eftir því þar sem að hún byggist að miklum hluta á misskilningi. Óskað eftir því að TKV lagi útskýringar um fyrirkomulagið í kröfum móta. Tillagan er ekki lögð fram og því ekki til umræðu.

Þingskjal nr. 3 - Undirnefnd í hópfimleikum, stökkfimi

Heilt yfir voru allir mjög hrifnir af þessari hugmynd, í rauninni bætist inn í tillöguna að einn af þessum þremur sem skipar undirnefnd sé í tækninefnd sem tryggir upplýsingaflæði þarna á milli. Mótanefnd leggur til að tillögunni sé vísað til tækninefndar í hópfimleikum og skrifstofu.

Lagt til að tillagan sé samþykkt með ofangreindum hætti. Berglind spyr hvort að verið sé að gera aukanefnd og það komi þá til lagabreytingar.

Arnar segir að um misskilning sé að ræða.

Það megi stofna undirnefndir skv. lögum. Það verið að vísa þessu til THF og skrifstofu. Orðið laust. Tillagan tekin til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5 - tillaga um fækkun dómara

Það fór mikil og fjörug umræða í gang vegna þessa máls. Niðurstaða umræðunnar er að áætlað er að FSÍ taki meira yfir dómarahlutann í fimleikaheiminum. Þetta gæti fylgt þar inn í. Í raunni var óskað eftir því að þessari tillögu væri vísað frá.

Hún kemur því ekki til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 6 - tillaga um að lögð verði áhersla á liðakeppni í áhaldafimleikum

Sérstaklega yngri aldurshópa og lægri þrepi. Mikið rætt og ákvörðun var að vísa þessu í starfshóp TK og TKV í samstarfi við skrifstofu.

Halla Karí óskar eftir því að gera breytingatillögu.

Leggur til að haustmót verði liðakeppni í 5. þrepi en verði útfært af tækninefndum og skrifstofu FSÍ fyrir næsta haust, ekki beint til nefnda heldur að þingið samþykki að haustmót verði liðakeppni og þá útfært á einhvern hátt.

Þarna var um nýja tillögu að ræða. Sú tillaga sem hún telur vera breytingatillögu er ný tillaga og ekki borin upp með þeim fyrirvara sem þarf að fylgja. Efnislega ný tillaga. Ef ekki eru athugasemdir um þá túlkun þá höldum við áfram. Engar athugasemdir og enn til umræðu.

Auður Inga óskar eftir að gera breytingatillögu. TK og TKV muni skila af sér tillögu um þetta á fyrsta formannafundi næsta haust. Viðaukatillaga um afgreiðslu.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Aðaltillagan er fyrst borin upp. Tillagan er samþykkt samróma. Viðaukatillagan borin upp. Tillagan samþykkt samróma.

18 Kosningar.

Kosið skyldi til stjórnar og allra fastanefnda.

18.1 Kosning stjórnar

Eitt framboð barst til formanns FSÍ, sitjandi formaður, Arnar Ólafsson, er sá eini sem gefur kost á sér og er því sjálfkjörinn.

Fimm framboð bárust til stjórnar og þar sem aðeins fjórir sitja í stjórn þarf að ganga til kosninga.

Framboðin eru: Davíð Ingason, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir og Sunna Sigurðardóttir.

Kjörseðlar hafa verið útbúnir. Kjörbréfanefnd tekur við kosningu og dreifir afkvæðaseðlum til þingfulltrúa.

Lesin upp kjörbréf og þingfulltrúar gera grein fyrir sér með handauppréttingu.

Ása óskar eftir kynningu á frambjóðendum, einni mínútu á mann.

Davíð Ingason

Er ekki á staðnum.

Hrefna Hlín

Býður sig fram fyrir hönd almennings, fáir innan hreyfingarinnar þekkja hana, en hún var í LOC nefndinni á EM 2014. Langar að vinna í því að gera fimleika sýnilegri fyrir almenningi. Vill að allir að vinni saman, hreyfingin samanstandur af fjölbreyttum hópi sem hefur mismunandi reynslu.

Kristinn Arason

Hefur setið í stjórn í eitt ár. Árið er búið að vera lærdómsríkt, er varla kominn að því að gera það sem hann langar til að gera. Óskar eftir kosningu áfram.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Kristín Ívarsdóttir

Búin að vera í ár í stjórn með þessu flotta fólki og okkur. Segir sama og Kristinn, lærdómsríkt og vonar að hún verði ár í viðbót.

Sunna Sigurðardóttir

Búin að sitja í eitt ár. Afskaplega skemmtilegt og lærdómsríkt, tekur tíma að koma sér inn í málin. Mörg og flókin, óskar eftir stuðningi til þess að halda áfram. Meira búin að vera að klóra sig í gegnum önnur mál, kynnast og læra, mikið framundan.

Kjörbréfanefnd tók til starfa og útteildi kjörbréfum.

Gengið er til kosninga:

- Kristinn - 71 atkvæði
- Hrefna - 68 atkvæði
- Sunna - 65 atkvæði
- Kristín - 57 atkvæði
- Davíð - 11 atkvæði

Réttkjörnir eru því, Kristinn Arason, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Sunna Sigurðardóttir og Kristín Ívarsdóttir.

Ekki bærust framboð til varastjórnar og því var óskað eftir framboðum

Halla Kari tekur til máls. Lýsir eftir upplýsingum um hvert hlutverk varastjórnar er. Varastjórn í fyrra var aldrei kölluð inn á fundi og því væri gott að vita hvert hlutverk þeirra er og hvort þeir verði kallaðir inn.

Þingforseti tekur til máls og bendir á að það stendur ekkert í lögum um hlutverk varastjórnar.

Arnar svarar Höllu. Bendir á að hefð sé fyrir því að varastjórn hafi ekki verið boðuð á fundi en að Kristín hafi komið inn úr varastjórn eftir að stjórnarmeðlimur lét af störfum. Stjórn mun ræða aðkomu varastjórnar og finnst persónulega sterkt að því varastjórn sitji stjórnarfundi.

Eftirfarandi aðilar buðu sig fram í varastjórn:

- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
- Axel Ólafur Þórhannesson
- Birna Björnsdóttir



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

- Guðrún Tryggvadóttir
- Sigrún Óskarsdóttir
- Guðrún Ósk Jakobsdóttir

Kjörbréfanefnd tekur aftur til starfa og óskar eftir að 1 - 4 nöfn verði skrifuð á hvert blað, nægjanlegt að skrifa fornafn nema ef þið ætlið að kjósa aðra hvora Guðrúnina

- Jarþrúður Hanna - 62
- Guðrún Tryggvadóttir - 47
- Guðrún Ósk Jakobsdóttir - 45
- Axel Ólafur Þórhannesson- 41
- Birna Björnsdóttir- 32
- Sigrún Óskarsdóttir - 13

Réttkjörnir Jarþrúður Hanna, Guðrún Tryggva, Guðrún Ósk og Axel Ólafur.

Klappað fyrir framkomnum framboðum og eru þau réttkjörnir varamenn í stjórn

18.2 Aðrar kosningar.

a) Formaður tækninefndar karla

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar karla, Sigurður Hrafn Pétursson, og er hann því réttkjörinn. Klappað fyrir formanni tækninefndar karla.

b) Formaður tækninefndar kvenna

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar kvenna, Berglind Pétursdóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar kvenna

c) Formaður Tækninefndar í hópfimleikum

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar í hópfimleikum, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar í hópfimleikum

d) Skoðunarmenn reikninga

Tveir gáfu kost á sér sem skoðunar menn reikninga, þeir Hafsteinn og Jochum Ulriksson. Eru þeir því réttkjörnir. Klappað var fyrir skoðunar mönnum reikninga.

e) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.

Tillaga um að vísa kosningu fulltrúa í kjörnefnd til stjórnar. Samþykkt einróma.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

f) Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til eins árs.

Þrjú framboð bárust til laga og reglunefndar, Þóra Margrét Hjaltested, Hjalti Geir Erlendsson og Ragnheiður Margrét Ólafsdóttur. Eru þau því réttkjörinn. Klappað fyrir fulltrúum í laga og reglunefnd FSÍ.

g) Kosning formanns fræðslunefndar.

Eitt framboð barst til formanns fræðslunefndar, Hlín Bjarnadóttir, og er hún því réttkjörinn. Klappað er fyrir formanni fræðslunefndar

h) Kosning formanns nefndar um fimleika fyrir alla

Eitt framboð barst í formann nefndar um fimleika fyrir alla, Hlíf Þorgeirsdóttir, er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni nefndar um fimleika fyrir alla.

i) Val fulltrúa á Íþróttaping

Lögð fram tillaga um að vísa skipun fulltrúa á Íþróttaping til stjórnar. Samþykkt einróma.

19 Önnur mál.

19.1 Önnur mál

Sólveig Jónsdóttir tók til máls. Þakkar fyrir síðastliðið ár sem var stórkostlegt. Biður Selfoss afsökunur á því sem fór fyrir í skýrslu stjórnar, það hefur verið leiðrétt og er nú rétt á netinu. Afsökunarbeiðni komin formlega út í þingheiminn.

Hlín Bjarnadóttir tók til máls. Óskar eftir því að fleiri aðilar taki máls undir önnur mál. Annars segist hún vera sérstök áhugamanneskja um varastjórn og bendir á mikilvægi hennar. Vill að skipað sé í varastjórn með löglegum hætti, varamaður 1, 2 og 3 og að þeir séu jafnframt virkari. Sífelld er verið að tala um hvað við erum stór og mörg og þurfum fleira fólk til að vinna verkin. Því er tilvalið að virkja þennan kost betur í hreyfingunni. Sjálf hefur hún verið að mæta á stjórnafundi í gegnum árin sem nefndarkona, stundum í forföllum og þá er ágætt að varamenn séu inn í málum. Þannig að þeir geti tekið þátt í kosningum um ýmis mál og sagt sína skoðun. Við þurfum fólk inn á stjórnarfundi með ólíkar skoðanir.

Annað sem Hlín vill koma á framfæri, það er að mætti laga þann þátt að nefndarfólk og í það minnsta, formenn nefnda séu boðaðir á formannafundi. Bendir á að betra hefði verið fyrir hana að hafa verið í gær og verið inn í umræðunni. Sérstaklega ef það eru málefni sem varða þá nefnd sem um ræðir.



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

Þriðja ábending Hlínar varðar fjölda funda, væri hægt að hafa færri fundi og markvissari vinnufundi. Fundaskylda sé of mikil, tíðir fundir þar sem ekki er unnið markvisst. Færri og markvissari fundir hvort sem það séu hjá stjórn eða hjá nefndunum.

Jarþrúður Hanna tók til máls. Hún vill vekja athygli á að hún er ekki ánægð með hversu seint gögn eru að berast. Tillögurnar, lagabreytingar þurfti að draga til baka þar sem þær bárust of seint. Hún vill að tillögum sem fram koma á þingi sé fylgt eftir og komið í framkvæmd. Fá upplýsingar á formannafundum o.s.frv.

Ársreikningur og fjárhagsáætlun skilað seint. Óundirritaður ársreikningur á heimasíðu, en hann er þó undirritaður í dag.

Þurfum að fá betri upplýsingar, fá þær fyrr þannig að hægt sé að setja sig inn í hlutina.

Tekur undir orð Hlínar um varastjórn, hún er nauðsynleg.

Hlín Árnadóttir tók til máls. Þegar hún byrjaði í fimleikum var ekki neitt til, engin áhöld til. Það eru ekki nema 40 ár síðan það var. Síðan þá eru fullt af nýjum húsum og áhöldum. Í dag er vandamálið hvort að tölvurnar séu nógu öflugar. Hvernig komum við fram við nemendur okkar, hvernig getum við eft þau og látið þau njóta sín, það þurfa ekki allir að verða meistarar. Að hafa þetta að leiðarljósi.

Orðið laust.

Sindri Viborg tekur til máls. Parkour þjálfari og það hefur komið upp á glærum hér. Þakkar fyrir hönd Parkour að fá að vera innan FSÍ með þá hjálp sem FSÍ hefur gert þeim kleift að vera sú eining sem þau eru orðin.

Orðið laust.

Sólveig Jónsdóttir tekur til máls. Langar að segja okkur frá því hvað er á dagskrá. 14. nóvember verður Norðurlandamót í hóp fimleikum á Íslandi, þurfum að standa undir væntingum. Næsta vor er norðurlandamót í áhaldafimleikum í bæði fullorðins- og unglingsflokkum og liðakeppni. Eftir einn mánuð upp á dag hefjast svo Smáþjóðleikarnir. Hlín Bjarnadóttir hefur farið fyrir FSÍ í þeim málum og þakkar henni fyrir hennar vinnu. Hún vill hvetja félögin til að fjölmenna á Smáþjóðleikana. Það er nauðsynlegt að njóta alls þess sem mótið hefur upp á að bjóða hér í dalnum. 30. maí verður Fimleikaeinviði í Ármannsheimilinu. Á þessu móti verða áhöld og annar búnaður prófaður fyrir Smáþjóðleikana, Norðulöndin hafa sýnt áhuga á að koma og fylgjast með. Mætum öll á þetta mót og svo öll sem heild á Smáþjóðleikana.

Í mars sótti Fimleikasambandið um að fá að halda UEG þing árið 2017 hér á Íslandi. Við erum að vonast til þess að okkur orðspor hjálpi okkur við að fá þetta þing. Vonandi veitt okkur einhverjar tekjur en einnig að gera okkur gildandi í alþjóðahreyfingunni. Við þurfum að halda áfram að búa til tengsl og læra af öðrum, segja frá því sem við gerum vel o.s.frv. Þetta er kosningaþing árið 2017 þar sem öllum líkindum verður kosið um nýjan



Þing Fimleikasambands Íslands 2015

forseta UEG. Krossum fingur að við vinnum þetta happdrætti. Fjögur lönd sem eru að sækja um þetta þing, en við eigum alveg jafn mikla möguleika og þau. Við bjuggum til góð gögn. Þakkar fyrir sig og hlakkar til komandi verkefna.

Þingforseti tekur til máls, orðið aftur laust. Enginn býður sig fram, tókum smá hlé.

Enginn sem óskar eftir orðinu í lok þings.

Þingforseti þakkar fyrir sig og gefur Arnari orðið til að slíta þinginu.

20 Ávarp formanns.

Formaður þakkar þingfulltrúum fyrir framlag þeirra á þinginu. Framundan eru spennandi tímar með fjölda verkefna sem hreyfingin þarf að vinna saman. Þannig náum við að lyfta íslenskum fimleikum á hærri stall, verðum alltaf að leita leiða til að gera hlutina betur.

10 Þingslit.

Þingi slitið kl. 16:28.